



Hreppsnefnd 24.08.06

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 24. ágúst 2006
kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mættir Aðalbjörn Björnsson, Einar Víglundsson, Guðrún Anna Guðnadóttir, Þórdís Þorbergsdóttir, Halldóra Sigríður Árnadóttir, Anna Pála Víglundsdóttir og Ólafur Ármannsson. Jafnframt var mættur sveitarstjóri Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 29. júní sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 29. júní sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál Fundargerðir bygginganefndar frá 5. júlí og 8. ágúst sl.
Lagðar fram fundargerðir bygginganefndar frá 5. júlí og 8. ágúst sl.
Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. fundargerðar bygginganefndar frá 8. ágúst sl., þar sem HB Grandi sækir um byggingarleyfi fyrir frystigeymslu á hafnarsvæði Vopnafjarðarhafnar. Greindi hann frá áformun fyrirtækisins og hugmyndum þess um stærð og staðsetningu framkvæmdarinnar. Í bygginganefndinni var erindi þessu vísað til umsagnar í hafnarnefnd. Álit hafnarnefndar liggur nú fyrir eftir fund nefndarinnar í gær 23. ágúst. Óskaði oddviti heimildar til þess að sú fundargerð yrði tekin fyrir á þessum fundi, þrátt fyrir að hún hefði ekki verið send út með fundargögnum. Var það samþykkt samhljóða og verður hún lögð fram undir tl. 8 hér á eftir.
Fundargerðir bygginganefndar frá 5. júlí og 8. ágúst sl. samþykktar að öðru leyti.

3. mál Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 9. ágúst sl.
Lögð fram fundargerð landbúnaðarnefndar frá 9. ágúst sl.
Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 2. tl. í fundargerðinni og lagði til að sér yrði falið að semja við kvenfélagið um að mála skilaréttina. Jafnframt skýrði hann frá áhyggjum landbúnaðarnefndarinnar varðandi akstur utan merktra vegslóða. Í því sambandi kynnti hann dreifibréf sem nefndin hefur samið í tilefni þessa.

4. mál Samþykkt um stjórn Vopnafjarðarhrepps og fundarsköp hreppsnefndar
– síðari umræða-

Oddviti og sveitarstjóri gerðu grein fyrir fyrirliggjandi samþykktum sem liggja nú fyrir til síðari umræðu, en fyrri umræða var á fundi hreppsnefndar 29. júní sl. Gerði var grein fyrir helstu breytingum sem gerðar höfðu verið á fyrirliggjandi drögum að samþykktum milli umræðna. Að stærstum hluta lutu breytingarnar að því að taka allar greinar út ú samþykktunum, sem fjölluðu um hreppsráð, en samþykkt hefur verið í hreppsnefnd að ekkert hreppsráð verði á kjörtímabilinu. Við yfirferð kom í ljós að ekki höfðu verið felldar út tvær greinar í 4 kafla er lutu að hreppsráði. Samþykkt var lagfæra það og jafnframt nokkrar minni háttar breytingar.

Í framhaldi kynnti Guðrún Anna Guðnadóttir svofelldar 5 breytingartillögur minnihlutans við fyrirliggjandi samþykktir.”

Tillaga I:

“ undirrituð óska eftir að í 7. gr. samþykktar Vopnafjarðarhrepps verði tímasetningu funda breytt úr 16.00 í 17.00”

Tillaga II

“ Undirrituð óska eftir að í 11. gr. samþykktar Vopnafjarðarhrepps verði ákvæði um að í lok hvers

sveitarstjórnarfundar verði dagskrárliðurinn önnur mál, sem einungis verði teknar fyrir stuttar ábendingar og /eða fyrirspurnir.”

Tillaga III

“Undirrituð óska eftir að í 12. gr. samþykktar Vopnafjarðarhrepps verði bætt við, Sveitarstjóri skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum og varamönnum þeirra...”

Tillaga IV

“ Undirrituð óska eftir að í 28. gr. samþykktar Vopnafjarðarhrepp verði felld út síðasta setningin sem er, Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu, eða breyta í, Afgreiðsla tillagna skal fara fram eftir almennum reglum um fundarsköp.”

Tillaga V

“Undirrituð óska eftir að í 44. gr. samþykktar Vopnafjarðarhrepps verði breytt orðalagi úr, Hreppsnefnd skal á fyrsta fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum kjósa í Hreppsnefnd getur á fyrsta fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum kosið....”
Breytingar í setningu kemur í veg fyrir að samþykkja þurfi á hverju ári að kjósa ekki í hreppsráð.

Guðrún Anna Guðnadóttir (sign)

Einar Víglundsson (sign)

Þórdís Þorbergsdóttir (sign)

Að kynningu þessari lokinni lagði oddviti til að gengið yrði til atkvæða um hverja og eina af þessum tillögum og að því loknu um samþykktinar eins og þær lögju fyrir að því loknu.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða.

Síðan var gengið til atkvæða um fyrirbyggjandi tillögur.

Tillaga I felld með 4 atkvæðum gegn 3 atkvæðum

Tillaga II felld með 4 atkvæðum gegn 3 atkvæðum

Tillaga III samþykkt samhljóða

Tillaga IV felld með 4 atkvæðum gegn 3 atkvæðum

Tillaga V felld með 4 atkvæðum gegn 3 atkvæðum.

Að því búnu var gengið til atkvæða um samþykktir fyrir Vopnafjarðarhrepp eins og þær lágu fyrir fundinum, með áorðnum breytingum.

Fyrirliggjandi samþykktir um stjórn Vopnafjarðarhrepps og fundarsköp hreppsnefndar þannig samþykkt með 4 atkvæðum gegn 3 atkvæðum.

Sveitarsjóra var falið að koma samþykktunum til endanlegrar staðfestingar í félagsmálaráðuneytinu.

5. mál Umhverfsjóstur Vopnafjarðarhrepps, kosning tveggja stjórnarmanna skv. 5. gr.

Lögð fram skipulagsskrá sjóðsins, en í 5. gr. hennar er kveðið á um hvernig stjórnin er skipuð.

Jarnframt lögð fram tillaga þar sem lagt er til að fulltrúar Vopnafjarðarhrepps í sjóðnum verði þeir sömu og verið hefur þ.e. Ellert Árnason og Þorsteinn Steinsson.

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

6. mál Könnun á kostnaði við útvarpssendingar (Tillaga)

Lögð fram svofelld tillaga frá Guðrúnu Önnu Guðnadóttur, Þórdísi Þorbergsdóttur og Einari Víglundssyni.: “Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að kanna kosti þess að koma upp búnaði til útvarpssendinga í sveitarfélaginu.

Kannaður verði kostnaður við þær tækniútfærslur sem líklegar eru til að henta byggðarlaginu.

Jafnframt verði metinn væntanlegur kostnaður við rekstur búnaðarins.

Leitað verði eftir mögulegum samstarfsaðilum um verkefnið.

Úttektinni verði lokið eigi síðar en svo að taka megi afstöðu til málsins við gerð næstu fjárhagsáætlunar.”

All miklar umræður urðu um fyrirbyggjandi tillögu þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum og kom fram í máli meirihlutans að hann teldi ekki ráðlegt að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu.

Að umræðu lokinni var gengið til atkvæða um tillögu minnihlutans. Tillagan felld með 4 atkvæðum gegn 3 atkvæðum.

Meirihlutinn boðaði síðan bókun til stuðnings afstöðu sinni sem færð yrði inn í lok fundar. Bókunin er svofelld:

“Meirihluti hreppsnefndar telur ekki ráðlegt að leggja út í kostnað við útvarpssendingar í sveitarfélaginu. Á liðnu ári var gerður samningur við fyrirtæki um að kanna kostnað og leiðir við að koma upp háhraðatengingu í dreifbýli sveitarfélagsins. Vinnu þessari þarf að ljúka sem allra fyrst með það að markmiði að allir íbúar sveitarfélagsins hafi gott aðgengi að góðri nettengingu. Ljóst er að kostnaður við slíka tengingu er umtalsverður.

Meirihlutinn telur einnig nauðsynlegt að benda á að á ýmsa lund er unnið að enn betra upplýsingaflæði til íbúanna en verið hefur m.a. með því að endurnýja heimasíðu sveitarfélagsins. Jafnframt er unnið að samkomulagi við útgefanda féttablaðs um að þar verði birtar reglulega fréttir af helstu málefnum sveitarfélagsins.

Á næstunni verða einnig auglýstir upp viðtalstímar hreppsnefndarmanna og sveitarstjóra. Meirihlutinn telur eðlilegt að verja fjármunum til þessara hluta frekar en að kosta verulegum fjármunum til útvarpsútsendinga. Kostnaður við slíka framkvæmd er verulegur.”

7. mál Ýmis bréf og fundargerðir:

- a) Bréf samgönguráðuneytis frá 5. júlí, ásamt ályktun Vopnafjarðarhrepps
- b) Bréf Beiðdalshrepps dags. 15. ágúst sl., vegna fyrirhugaðs samstarfs um félags -og brunamál.
- c) Bréf Seyðisfjarðarkaupstaðar varðandi sorpmál, dags. 25. júlí 2006.

8. mál. fundargerð hafnarnefndar frá 23. ágúst sl.

Lögð fram fundargerð hafnarnefndar frá 23. ágúst sl. Í 5. tl. fundargerðarinnar er fjallað um umsókn HB Granda um byggingu á nýrri frystigeymslu og þar með lóð fyrir slíka byggingu á hafnarsvæðinu. Hreppsnefnd tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í bókun hafnarnefndar vaðandi staðsetningu húss með tilliti til útrása og akstursleiða .

Síðan lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd samþykkir að úthluta HB Granda lóð undir frystigeymslu í samræmi við fyrirbyggjandi teikningar sem fylgja beiðninni á hafnarsvæði Vopnafjarðarhrepps. Endanlegt mæliblað fyrir lóðina verður gefið út þegar nákvæm staðsetning liggur fyrir. Leitast verði við eins og frekast er kostur að mæta þeim sjónarmiðum sem bent er á í fundargerðum bygginganefndar og hafnarnefndar.”

Fyrirliggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið.